



Tilvísun 2101185

Starfsreglur forvarnateymis Fjarðabyggðar

Forvarnateymi Fjarðabyggðar er formlegur samráðs- og samstarfsvettvangur starfsmanna og stofnana sem koma að ýmsum málum sem tengjast unglungum í sveitarfélagini.

Forvarnateymið verður þannig skipað:

Stjórnandi forvara og stuðningsmála verður formaður teymisins en auk hans sitja í teyminu forstöðumaður tómstunda- og frístundamála, stjórnandi félagsþjónustu og barnaverndar, fullrúi grunnskóla, leikskóla og félagsmiðstöðva. Fullrúar þjónustuveitenda á vegum ríkis komi frá löggreglu, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Verkmenntaskóla Austurlands.

Um starfshætti teymisins:

Formaður boðar til funda með fundarboði sem sent er sem tölvupóstur. Halda skal fundargerðir sem eingöngu eru fyrir fulltrúa forvarnateymisins og eru trúnaðarmál.

Fundi skal halda svo oft sem þurfa þykir og málefni gefa tilefni til en að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári. Teymið hagar störfum sínum í samræmi við góða stjórnsýslu og þau lög sem við á s.s. barnaverndarlög, grunnskólalög, lög um persónuvernd, upplýsingalög o.s.frv.

Um starfssvið, starfsreglur og viðfangsefni forvarnateymisins:

Hópurinn setur sér starfsreglur sem byggjast á eftirfarandi nálgun að viðfangsefninu; Hlutverk forvarnateymis Fjarðabyggðar er að fylgjast almennt með málum tengdum börnum og unglungum í Fjarðabyggð, safna upplýsingum, veita stuðning og samræma aðgerðir.

Hugmyndin er m.a. að fylgjast með hópamynundun meðal unglings og nálgast þá áður en til vandamála og alvarlegra árekstra við samfélagið kemur. Í teyminu verður yfirsýn yfir meðferðar- og uppeldisúrræði sem til staðar eru í sveitarfélagini og víðar.

Helstu verkefni forvarnateymisins:

- Kryfja niðurstöður rannsókna á högum ungs fólks og gera tillögur til úrbóta.
- Leggja drög að forvaraáætlun hvers árs.
- Fylgjast með stöðu og málefnum barna í Fjarðabyggð.
- Standa fyrir forvarnaviðburðum.
- Vera málsvari forvara í samfélagslegri umræðu í Fjarðabyggð.

Hlutverk forvarnateymis Fjarðabyggðar er jafnframt að fylgjast með og þróa nýjungar varðandi úrræði í málefnum unglings og ungmenna, koma hugmyndum á framfæri við viðkomandi stofnanir og félagasamtök og vera ráðgefandi um stofnun ýmissa meðferðarúrræða.

Forvarnateymi Fjarðabyggðar skilar í lok hvers árs samantekt um starf ársins og skal samantektin send til bæjarráðs og viðeigandi fagnefnda til kynningar.

Fjarðabyggð, 16. apríl 2021,

Jón Björn Hákonarson
bæjarsjóri